

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á skreið fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 31. desember 1976.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á skreið fyrir framleiðslutímabilið 1. júlí til 31. desember 1976:

Porskur:

Saga IG/IM	kr. 876.00 pr. kg. fob.
Edda 20/40	— 752.00 pr. kg. fob.
Edda 30/up	— 752.00 pr. kg. fob.
Astra 20/40	— 661.00 pr. kg. fob.
Astra 30/up	— 722.00 pr. kg. fob.
Polar	— 661.00 pr. kg. fob.

Ufsi:

Astra 20/40	kr. 514.00 pr. kg. fob.
Astra 30/up	— 578.00 pr. kg. fob.
Polar	— 546.00 pr. kg. fob.

Verðbil verður 3%, er miðast bæði við verðhækkun og verðlækkun.

Greiðslur í sjóðinn eða úr honum miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægni verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 17. nóvember 1976.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

REGLUGERÐ

um námslán og námsstyrki.¹⁾

I. KAFLI

Lánasjóður íslenskra námsmanna, hlutverk hans og stjórn.

1. gr.

Meginhlutverk lánasjóðs íslenskra námsmanna er að veita íslenskum námsmönnum fjárhagsaðstoð til framhaldsnáms við stofnanir er gera sambærilegar kröfur til undirbúningsmenntunar nemenda og gerðar eru til háskólanáms hérlendis.

Berist umsókn um aðstoð til náms við stofnun sem eigi hefur verið veitt aðstoð til náms við áður ber sjóðnum að kanna hvort stofnunin uppfylli skilyrði 1. mgr. Jafnframt ber sjóðnum að afla upplýsinga um námsskipan, námstíma og tilhögun þá sem við stofnunina tíðkast um eftirlit með árangri og ástundun námsmanna. Skylt er umsækjendum að aðstoða sjóðinn við slíka upplýsingaöflun.

1) Reglugerð þessi, sem var nr. 347/1976, birtist hér að nýju, vegna prentvillu.